



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að notkun leigubíla fyrir starfsfólk velferðarsviðs verði eingöngu í undantekningartilfellum

Þann 21. desember 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um að notkun leigubíla fyrir starfsfólk velferðarsviðs verði eingöngu í undantekningartilfellum:

Flokkur fólksins leggur til að notkun leigubíla fyrir starfsfólk velferðarsviðs verði eingöngu í undantekningartilfellum.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn:

Leigubílar eru notaðir til þess að koma starfsfólki til vinnu, á milli staða á vinnutíma og í ýmis verkefni á vegum borgarinnar. Yfirmaður hvers sviðs eða skrifstofu metur hvenær aðstæður krefjast þess að taka þurfi leigubíl. Allir reikningar vegna leigubíla fara í tvöfalt rafrænt samþykktarferli og getur yfirmaður yfirfarið tilefni hverrar ferðar. Unnið er útfra samræmdu verklagi Reykjavíkurborgar útgefið af Fjármála- og áhættustýringarsviði (FÁST-LBE-024). Allur leigubílakostnaður er bókaður á einn bókhaldslykil. Ekki er gerður greinarmunur á kostnaði vegna starfsmanna og notenda í bókhaldi.

Starfsmönnum velferðarsviðs hefur nýlega boðist að nýta aðra ferðamáta sem hluti af grænum skrefum borgarinnar. Í því felst að nýta strætó eða leigja rafmagnshlaupahjól frá Hopp í stað þess að nota leigubíla. Í kjarasamningum kemur fram þegar vinnutími starfsmanns hefst, eða sé hann kallaður til vinnu þegar almenningssamgöngur ganga ekki, skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Helsta ástæða fyrir því að starfsmenn taka leigubíla er þegar um sólarhringsþjónustu er að ræða og starfsmenn þurfa að sækja vaktir áður en strætó hefur göngu. Þegar almenningssamgöngur ganga ekki er fátt um aðra valkosti en leigubíla, ásamt því að réttur starfsfólks til þess að taka leigubíl til vinnu t.d. í útkalli er varinn í kjarasamningum.

Kostnaður vegna leigubílaferða starfsmanna er meðal annars vegna ráðgjafa sem fara í vitjanir, auk sálfræðinga og annarra sérfræðinga sem veita skólaþjónustu. Einnig vegna starfsmanna sem sækja þurfa fundi eða þurfa að ferðast á milli staða á vinnutíma.

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir kostnað vegna leigubíla á árinu 2022 eftir þjónustubáttum.



Tafla 1. Leigubílakostnaður á árinu 2022

Þjónustubættir velferðarsviðs (þ. kr.)	Raunkostnaður
Búsetuþjónusta ¹	12.753
Dagþjónusta fyrir aldraða og fatlaða einstaklinga	104
Félagsmiðstöðvar	270
Þjónustuíbúðir	753
Stuðnings- og stoðþjónusta	1.053
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf ²	8.647
Heimaþjónusta	492
Heimahjúkrun ³	1.105
Hjúkrunarheimili ³	4.050
Þróunarverkefni	537
Samningar og styrkir ⁴	987
Önnur gjöld og ýmis úrræði ⁵	3.954
Samtals	34.705

Sjá má á Töflu 1 hér að ofan að meirihluti leigubílakostnaðar liggur í búsetuþjónustu og stjórnsýslu, sérfræðiþjónustu og ráðgjöf, en það skýrir um 62% af heildarkostnaði vegna leigubílanotkunar ársins 2022. Velferðarsvið mun vinna að því að sundurgreina leigubílakostnað í bókhaldi eftir starfsmönnum annars vegar og notendum hins vegar. Skráning kostnaðar í núverandi mynd gerir sundurliðun og greiningu erfiða þar sem allur leigubílakostnaður er bókaður á einn lykil. Auk þess mætti bjóða starfsfólki í frekari mæli upp á umhverfisvæna ferðamáta í stað þess að nýta leigubíla.

¹ Leigubílakostnaður vegna íbúa eða vegna fatlaðra einstaklinga og starfsfólks.

² Skrifstofa velferðarsviðs, Barnavernd, Keðjan og miðstöðvar velferðarsviðs.

³ Greitt af ríkissjóði

⁴ Leigubílakostnaður vegna fatlaðra einstaklinga

⁵ Flóttafólk, Hælisleitendur, Sameiginlegur kostnaður miðstöðva, Velferðartækni miðja, Virknihus